



## ÁLFABORG

Jæja þá er komið að okkur Krummunum að segja frá. Við byrjuðum haustið á þema um Náttúru- og umhverfisvernd. Við þurftum annað slagið að fella niður hópatíma vegna manneklu en við töluðum mikið um hvernig við getum verndað náttúruna og verið sjálfbærari. Við endurinum pappír til að sjá hvernig endurvinnsla á sér stað m.a. Í útiskólanum gefast mörg tækifæri til að ræða náttúru og umhverfisvernd og það gerum við allan ársins hring.

Nú erum við hinsvegar byrjuð á þemanum um Íslandssöguna og að sjálfsögðu byrjuðum við á upphafinu, víkingum sem sigldu til landsins og gáfu því nafn sitt. Helgi magri og Þórunn hyrna eru okkar fólk og sérstaklega Þorbjörg Hólmasól sem sannarlega er fyrsti eyfirðingurinn.

Dilla

---

## NEYÐARKALL BJÖRGUNARSVEITA

Sala á Neyðarkalli björgunarsveita fer fram dagana 31. október til 3. nóvember næstkomandi.

Með því að kaupa af okkar solumönnum ertu að styrkja okkar sveit.

Kallinn kostar 2.500,-

Við munum fara um sveitarfélagið 31. okt og 1. - 2. nóv.

Björgunarsveitin Týr

# HAUSTVEISLA Á FLÓAMARKAÐINUM Í SKEMMUNNI Í SIGLUVÍK

Lau. og sun. 12. og 13. okt. kl. 13-17.

Nýjar vörur og svo hellingur á 50% afslætti, Kristín poppar upp með allar nýjustu Blúndu og blóma vörurnar og von er á fleiri góðum gestum.

Kaffi og konfekt í boði hússins, verið hjartanlega velkomin!

Margrét



---

## BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhreypps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkominir að kíkja á safnið.

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

24. október - Gráa / brúna tunnan

31. október - Græna tunnan

7. nóvember - Gráa / brúna tunnan

---

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 14. nóvember.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 12. nóvember.